

# ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 33/2000  
frá 18. apríl 2000

## um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2000 frá 28. janúar 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/698/EB frá 13. október 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir fartölvur<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2eq (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/427/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2er. **399 D 0698:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/698/EB frá 13. október 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir fartölvur (Stjtið. EB L 276, 27.10.1999, bls. 7).“

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 276, 27.10.1999, bls. 7.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/698/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 19. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 18. apríl 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*                      *E. Gerner*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

